



Karítas Anja Magnadóttir

MS–ritgerð:

„Við erum enn eitt hjólið undir vagninum“, Viðhorf og upplifun klínískra lyfjafræðinga af klínískum störfum á Íslandi.

Höfundur:

Karítas Anja Magnadóttir fæddist þann 4. nóvember árið 1996 og er uppalin á Vopnafirði. Foreldrar hennar eru Ester Rósa Halldórsdóttir og Magni Hjálmarsson. Karítas fluttist til Akureyrar 15 ára gömul, til að sækja nám við Menntaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan sem stúdent af náttúrufræðibraut árið 2016. Árið 2017 hóf hún síðan nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Að loknu meistaranámi stefnir Karítas á að flytja til Akureyrar og starfa sem lyfjafræðingur. Í sumar hefur hún störf hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri og Lyfju. Önnur framtíðarplön eru óráðin en Karítas hefur áhuga á því að hefja sérnám í klínískri lyfjafræði í náinni framtíð.



Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Klínískir lyfjafræðingar búa yfir sérþekkingu á lyfjum og eru mikilvægir meðlimir í þverfaglegum teyimum heilbrigðisstarfsfólks víðsvegar um heim. Hérlandis fer klínískum lyfjafræðingum fjölgandi og undanfarin ár hefur mikil framþróun átt sér stað innan starfsgreinarinnar, sér í lagi með nýju sérnámi í klínískri lyfjafræði við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á upplifun klínískra lyfjafræðinga af klínískum störfum á Íslandi. Engar sambærilegar rannsóknir hafa áður verið gerðar hér á landi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu helst í ljós að starf klínískra lyfjafræðinga á Íslandi sé óskilgreint, upp að vissu marki fyrir þeim sjálfum en ekki síður upplifðu flestir viðmælendur annað heilbrigðisstarfsfólk ekki nógu meðvitað um störf klínískra lyfjafræðinga. Niðurstöðurnar leiddu enn fremur í ljós að klínískum lyfjafræðingum skorti stefnu og sýn til þess að vinna eftir. Þá töldu flest allir viðmælendur stétt klínískra lyfjafræðinga skorta stuðning og viðurkenningu frá Landspítala, heilbrigðisyfirvöldum og stéttarfélagi.